

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 1. desember 2023.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.05.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir (Teams).

Forföll: Már Sveinbjörnsson og Aðalbjörg Óladóttir.

### Dagskrá:

#### 1. Fundur Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) – Farsældarrútan í Hafnarfirði

Var haldinn 6. nóvember sl. í Hásölum. Framkvæmdastjóri ÍBH sótti fundinn. Íþróttafélögum í Hafnarfirði er bent á að skoða vel upplýsingar sem eru á heimasíðunni farsaeldin.is, þar eru m.a. upplýsingar um, farsældarlöggjöfina, barnið verður hjartað í kerfinu, stigskipting þjónustu, tengiliður og málsstjóri. Íþróttastjórum eða yfirþjálfurum aðildarfélaganna ÍBH er bent á að fara yfir þær upplýsingar sem eru á heimasíðunni farsaeldin.is með þjálfurum í sínu félagi. Engin verkefni eru fyrir íþróttahéruð eða íþróttafélög í þessu verkefni, en það getur komið fyrir að íþróttþjálfarar fái símtal eða eru boðaðir á fund um einstaka barn, þátttaka íþróttþjálfara er valkvæð, því þeir fá ekki greitt fyrir þessi samtöl.

#### 2. Fundur UMFÍ, ÍSÍ, ÍBR, ÍBH og UMSK

Var haldinn 21. nóvember sl., hjá ÍSÍ. Efni fundarins var svæðisskrifstofur ÍSÍ / UMFÍ, starfssvæði höfuðborgarsvæðið. Fjármunir sem eru áætlaðir í starfssvæðið verða hjá ÍSÍ / UMFÍ, 15% af lottótekjum frá ÍBR, ÍBH, UMSK og hlutur ríkisins (25 milljónir), er þetta ekki í samræmi við þá kynningu sem stjórn ÍBH fékk fyrir þing UMFÍ í október 2023 frá UMFÍ. ÍSÍ og UMFÍ geta ekki upplýst íþróttahéruð höfuðborgarsvæðisins hvaða verkefni þau eiga að sinna frá ríkinu. En hugsanlega kemur einhver viðbótar fræðsla inn í íþróttahéruðin og stofnaður verður nýr hvatasjóður.

#### 3. Formannafundur ÍSÍ 2023

Varaformaður ÍBH og framkvæmdastjóri ÍBH sóttu fundinn fyrir hönd stjórnar ÍBH, sem var haldinn 24. nóvember sl. í Úlfarsárdal í Reykjavík hjá íþróttafélaginu Fram. Farið var yfir efni fundarins með stjórn ÍBH.

#### 4. ÍSÍ bikar 2023

Bréf var sent til aðildarfélaganna ÍBH þann 5. október sl. og óskað eftir umsóknum frá aðildarfélagum ÍBH. Stjórn ÍBH kom sér saman um að eitt aðildarfélag ÍBH fengi bikarinn og verður upplýst um hvaða félag það er á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 27. desember nk.

#### 5. Íslandsbanki sagði upp bankahólfi ÍBH í nóvember 2023

Hólfið tæmt í nóvember og lyklum skilað. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að hafa samband við Byggðasafn Hafnarfjarðar um hluta af innihaldi hólfsins.

## **6. Dagur gegn einelti 2023**

Dagurinn 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu, þann 8.11.2023, barst bréf frá ÍSÍ um efnið og var það framsent á aðildarfélög ÍBH.

## **7. Íþróttaeildhugi ársins 2023**

Bréf barst ÍBH frá ÍSÍ þann 9.11.2023, þar sem landsmenn eru hvattir til að senda inn ábendingu um öfluga sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni, bréfið var framsent á aðildarfélög ÍBH. Vakin var athygli á efninu á miðlum ÍBH.

## **8. Dagur sjálfboðaliðans 5. desember nk.**

ÍSÍ sendi ÍBH bréf um efnið þann 28.11.2023, sem var framsent á aðildarfélög ÍBH. Auglýsingar um efnið settar á miðla ÍBH.

## **9. Keppni í kvárflokki**

Engin erindi um keppni í íþróttum í kvárflokki hafa borist ÍBH. Umræður stjórnar ÍBH um efnið. Samþykkt að skrifstofa ÍBH sendi fyrirspurn á aðildarfélög ÍBH um það hvort keppt sé í kvárflokki í íþróttum í þeim greinum sem félagið iðkar.

## **10. Ólympíufarar og Ólympíukandídatar / Paralympicskandídatar París 2024 úr aðildarfélögum ÍBH**

Farið yfir fyrstu upplýsingar frá íþróttafélögum / sérsamböndum. Einn íþróttamaður er búinn að ná lágmarkum inn á Ólympíuleikana. Fjórir íþróttamenn eru Ólympíukandídatar fyrir Ólympíuleikana. Þrír íþróttamenn eru kandídatar fyrir Paralympics Games.

## **11. Önnur mál**

a). HM sagði frá afhendingu Hvataverðlauna UMFÍ til Special Olympics hóps körfuknattleiksdeildar Hauka á Ásvöllum 13. nóvember 2023.

b). HM greindi frá formlegri heimsókn formanns ÍBH á byggingarsvæði knatthúss Hauka á Ásvöllum 30. nóvember 2023.

c). HM greindi frá formlegri heimsókn formanns ÍBH á byggingarsvæði reiðhallar Sörla á Sörlastöðum 30. nóvember 2023.

d). Tillaga að næsta stjórnarfundum ÍBH, miðvikudagur 10. janúar 2024 kl. 16.30. Samþykkt.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.